

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

7. fundur haldinn í fundarsal A ÍSÍ 23. 11. 2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Þóra Margrét Hjaltested formaður laganevndar, Sæunn Viggósdóttir, fjármálastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri, Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Erindi um búningamál FSÍ

Samningur við Fimleika ehf. lagður fram til samþykktar, gögn lögð fram á fundinum.

Mál dregið til baka, endurskoðað á meðan beðið er niðurstöðu lögfræðialits

2. Erindi frá Gróttu v/búningamála FSÍ

Fyrirspurn vegna fyrirhugaðs samnings.

Vísað til skrifstofu til svars.

3. Breyting á mótá og keppnisreglum í hópfimleikum

Tillaga að breytingum lögð fram

a) Fyrir breytingu:

HAUSTMÓT Í HÓPFIMLEIKUM 1	Nafn móts	Haustmót í hópfimleikum
2	Tímabil	Október – nóvember
3	Innihald móts	2.flokkur, 3.flokkur og 4.flokkur
4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni í 2. , 3. og 4 .flokki
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum aldursflokki karla,kvenna og blönduðum flokki og deildum.

b) Eftir breytingu (búið að taka út gula textann):

HAUSTMÓT Í HÓPFIMLEIKUM 1	Nafn móts	Haustmót í hópfimleikum
2	Tímabil	Október – nóvember
3	Innihald móts	2.flokkur, 3.flokkur og 4.flokkur

4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni í 2. , 3. og 4 .flokki
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum aldursflokki karla,kvenna og blönduðum flokki.

Breytingin felst í því að öll lið sem skráð eru til leiks í hverjum flokki (1., 2., 3., 4.) keppa saman til verðlauna á þessu móti og svo eftir að mótið klárast er raðað upp í deildarkeppni. Þetta gerir það að verkum að allir keppendur vita hvaða verðlaun þau eru að keppa um. En í fyrra var raðað í deildarkeppni eftir að keppni lauk og fyrir verðlaunaafhendingu og því gat lið sem var samkvæmt úrslitum lenti í 8 sæti fengið Gullverðlaun í B deild sem olli miklu fjaðrafoki.

Tillaga samþykkt

Önnur mál

Stækkun íþróttarinnar rædd, málefni húsa og árangur.

Hlíf flutti góðar kveðjur frá þingi UEG þar sem íslenska fimleikasambandinu var hrósað fyrir að standa sig vel í alþjóðlegu samstarfi og mótahaldi sem og góða kynningu fyrir þingumsókn.

FSÍ þakkar mótshöldurum haustsins fyrir ánægjulegt samstarf.

TM mótið var haldið í Ármanni

Haustmót 1 var haldið á Akureyri

Íslandsmót í Stökkfimi var haldið á Akureyri

Haustmót í hópfimleikum hjá ÍA á Akranesi

Norðurlandamót í hópfimleikum

Fundi slitið klukkan 20:29

8. fundur sjórnar verður haldinn mánudaginn 6. desember kl. 20:00